

# GJALDSKRÁ

## Skagafjarðarveitna. Hitaveita.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Skagafjarðarveitur, kt. 681212-0350, í gjaldskrá þessari hér eftir nefndar SKV, selja afnot hita-orku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi sveitarfélagsins Skagafjarðar og hafa umráðarétt yfir þeim eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð um Skagafjarðarveitur.

#### 2. gr.

SKV skulu láta hverju húsi, sem tengt er við vatnsæðar veitnanna, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. SKV láta setja rennslismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennslismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. SKV ráða gerð rennslismæla og hemla og sjá um viðhald og endurnýjun þeirra.

#### 3. gr.

Einungis starfsmenn veitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. SKV breyta stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til SKV. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skulu SKV greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða SKV, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

### II. KAFLI

#### 4. gr.

SKV reka nú átta aðskilin hitaveitusvæði og dreifikerfi með vatni sem hefur mismunandi efna-innihald og hita. Þessi svæði eru á Sauðárkróki, í Varmahlíð, á Steinsstöðum, í Hjaltadal, á Hofsi, á Hverhólum og við Langhús og Sólgarða í Fljótum. Gjöld fyrir eininguna af heitu vatni (m<sup>3</sup> eða l/mín) verða því mishá eftir svæðum. Fast gjald hjá þeim notendum, sem kaupa heitt vatn eftir hemli, skal vera krónur 1.266 pr. mán.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

*Sauðárkróksveita:*

Vatnsgjald kr. 3.144 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

*Varmahlíðarveita:*

Vatnsgjald kr. 4.764 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

*Steinsstaðaveita:*

Vatnsgjald kr. 2.374 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

*Hjaltadalsveita:*

Vatnsgjald kr. 2.374 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

*Hofsi veita:*

Vatnsgjald kr. 3.627 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

*Sólgarðaveita:*

Vatnsgjald kr. 3.144 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

*Langhúsveita:*

Vatnsgjald kr. 5.041 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

*Hverhólaveita:*

Vatnsgjald kr. 3.144 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

## 5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. og 8. gr. verða krafín hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Skagafjarðarveitna, í bönkum eða pósthúsum. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

## III. KAFLI

## 6. gr.

Heimæðargjald SKV fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í þéttbýli:

<i>Innra þvermál heimæðar</i>	<i>Heimæðargjald, kr.</i>	<i>Lengdargjald, kr./m</i>
≤ 20 mm	327.272	5.175
25 mm	533.232	5.949
32 mm	805.631	7.658
40 mm	1.414.512	8.304
50 mm	2.621.017	11.124

Ef um sverari heimæðar er að ræða skal greitt samkvæmt raunkostnaði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Skagafjarðar.

Auk heimæðargjalds sem að framan greinir, skal greiða lengdargjald fyrir hvern lengdarmetra lagnar innan lóðarmarka umfram 25 m.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Fyrir stækkun á heimtaug skal greiða samkvæmt raunkostnaði.

Heimæðargjald SKV fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í dreifbýli fyrir íbúðarhús og sumarhús:

<i>Innra þvermál heimæðar</i>	<i>Heimæðargjald, kr.</i>	<i>Lengdargjald, kr./m</i>
≤ 25 mm	743.032	4.527
32 mm	1.122.554	5.252
40 mm	1.970.873	6.338

Fyrir sverari heimæðar og aðrar byggingar í dreifbýli en íbúðarhús og sumarhús er greitt samkvæmt raunkostnaði.

Auk heimæðargjalds sem að framan greinir, skal greiða lengdargjald fyrir hvern lengdarmetra frá stofnlögn umfram 100 m.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Fyrir stækkun á heimtaug skal greiða samkvæmt raunkostnaði.

## 7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. SKV er heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins hverju sinni.

## IV. KAFLI

## 8. gr.

Samkvæmt ákvæðum í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til notenda um rúmmetramæli. SKV setja upp slíka mæla og sjá um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupna vatn samkvæmt rúmmetramæli er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns tekur mið af orkuinnihaldi vatns á hverju svæði og skal vera:

<i>Sauðárkróksveita:</i>	kr.	133,44
<i>Varmahlíðarveita:</i>	kr.	202,58
<i>Steinsstaðaveita:</i>	kr.	100,78
<i>Hjaltadalsveita:</i>	kr.	100,78
<i>Hofsósveita:</i>	kr.	154,32
<i>Sólgarðaveita:</i>	kr.	133,44
<i>Langhúsveita:</i>	kr.	214,33
<i>Hverhólaveita:</i>	kr.	133,44

Stærri notendur, þar sem notkun er að lágmarki 100 þúsund rúmmetrar á ári og þar sem heitt vatn er notað sem beinn framleiðsluþáttur, geta sótt um að kaupa heitt vatn með 70% afslætti. Afsláttarkjörin eiga við þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Skagafjarðarveitna.

Sprotafyrirtæki og nýsköpunarfyrirtæki sem vilja nýta heita vatnið sem beinan framleiðsluþátt geta einnig sótt um tímabundinn 70% afslátt af verði á heitu vatni.

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla 15-20 mm	kr.	1.266	pr. mán.
Fyrir mæla 25-40 mm	kr.	3.011	pr. mán.
Fyrir mæla 50 mm	kr.	4.063	pr. mán.
Fyrir mæla 65 mm	kr.	5.089	pr. mán.
Fyrir mæla 80 mm	kr.	6.023	pr. mán.
Fyrir mæla 100 mm	kr.	7.929	pr. mán.
Fyrir mæla 125 mm og stærri	kr.	9.996	pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 31. gr. reglugerðar fyrir SKV og 79. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

10. gr.

SKV hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar fyrir SKV.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og mánaðarleiga á 65 mm mæli samkvæmt 8. gr. gjaldskrár þessarar í hvert skipti og gjald fyrir mælaálestur (aukaálestur) skal vera það sama og mánaðarleiga á 25-40 mm mæli samkvæmt 8. gr. þessarar gjaldskrár.

Eftirlitsmanni SKV skal, hvenær sem er, frjálst aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Skagafjarðar, 25. október 2023 staðfestist hér með samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, til að öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 1555/2022.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 24. nóvember 2023.*

F. h. r.

**Ólafur Darri Andrason.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*